

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 87/2004**

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2004 frá 23. apríl 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2256/2003/EB frá 17. nóvember 2003 um samþykkt áætlunar til margra ára (2003–2005) um eftirlit með aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu 2005, miðlun góðra starfsvenja og aukið net- og upplýsingaöryggi (MODINIS) <sup>(2)</sup>.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2004.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. mgr. 2. gr. bókunar 31 við samninginn:

„- **32003 D 2256**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2256/2003/EB frá 17. nóvember 2003 (Stjtið. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 1).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2004 að telja.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 26.8.2004, bls. 29 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 26.8.2004, bls. 24.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.